

Viðauki 4

Prófanir

1 Inngangur

Eins og fram kemur í viðauka 2 um tækniröfur er ætlast til að símsstöðvar viðsemjanda uppfylli sömu eða sambærilega staðla og símsstöðvar Símans. Áður en til samtengingarprófana kemur þarf samningsaðili að leggja fram skjöl frá framleiðanda símsstöðvar/búnaðar þar sem vottað sé að sá búnaður sem tengja á fjarskiptaneti Símans og/eða á að hafa samskipti við símsstöðvar Símans uppfylli viðkomandi staðla.

2 Samtengingarprófanir

Í viðauka 2 um tækniröfur er að finna tilvísanir í ITU-T staðla. Prófunarlýsingar fylgja stöðlum um merkjasendingar eins og fram kemur í staðli Q.780, kafla 3. Prófunarlýsingarnar eru flokkaðar í staðlaprófanir og samtengingarprófanir (sem eru stjórnumerktar í stöðlunum). Með skjali framleiðanda er vottað að símsstöð/búnaður uppfylli staðlaprófanir og með samtengingarprófunum er gengið úr skugga um að símsstöðvarnar vinni rétt saman yfir samtengingarpunktana.

Viðsemjandi þarf að leggja fram nauðsynlegan tækjabúnað og tækniþekkingu fyrir framkvæmd prófana.

Umfang samtengingarprófana er háð samkomulagi Símans og samningsaðila.

Gert er ráð fyrir að uppsetning símsstöðva Símans sé rétt og eru allar frekari samtengingar- og þjónustuprófanir gerðar til að samhæfa búnað viðsemjanda við símsstöðvar Símans. Greiðslur vegna þátttöku Símans í slíkum prófunum er samkvæmt verðskrá um útselda vinnu hverju sinni. Ef eiginleiki hefur staðist samtengingar- og þjónustuprófanir samkvæmt þessum lið og upp koma vandamál síðar vinna samningsaðilar sameiginlega að lausn þeirra vandamála. Í þessu tilviki þarf hugbúnaður og stillingar símsstöðva að vera þær sömu og voru við prófanirnar. Ef upp koma vandamál sem rekja megi til þess að samhæfing búnaðar viðsemjanda við Símann er ekki ásættanleg og eiginleiki hefur ekki verið prófaður sérstaklega við þessar aðstæður, er vinna Símans gjaldfærð samkvæmt verðskrá hverju sinni.

Í gjaldfærsluprófunum eru gerð uppköll á milli kerfa undir eftirliti beggja aðila og nákvæmar gjaldfærsluupplýsingar frá báðum aðilum bornar saman.